

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

Hugleiðing um bækur og lækningar

Bækur hafa alltaf verið stór þáttur í mínu lífi. Á bernskuárum mínum var bókasafn í Kópavogi og hægt að nálgast þar allra handa lesefni. Þegar ég var kominn á unglingsár fannst mér ég hafa lesið stóran hluta safnsins og fór á menntaskólaárum að venja komur mínar á Borgarbókasafnið í Reykjavík. Ég las allt, ferðabækur, glæpasögur, góðbókmenntir, sagnfræði. Síðar fór ég að lesa á dönsku og ensku og hafði á þeim árum áhuga kúrekabókmenntum, sem var sería á dönsku um lífið í villta vestrinu.

Mér fannst háskólanámið í læknisfræði trufla mig verulega við bóklestur. Síðan hef ég haft meiri tíma til lestrar og les allt mögulegt en hef sérstakt uppahald á bókum íslenskra höfunda.

Illviðrasumar í vegagerð í Fljótum norður las ég Kiljan og hef haft mikið dálæti á honum. En þó finnst mér hann enn betri sem þýðandi og bestur þegar hann þýðir önnur höfuðskáld eins og Hemingway í *Vopnin kvödd* eða *Fjallkirkju* Gunnars Gunnarssonar.





Á náttborði mínu þessi árin liggur gjarnan bókin, *Í verum* eftir Theódór Friðriksson, fæddan 1874. Þetta er ævisaga sjómanns. En jafnframt aldarspejill. Theódór ólst upp í Flatey á Skjálfanda og í Fjörðum. Hann var ungur maður á sjó í Bolungarvík fyrir aldamót á opnum árabátum. Hann lýsir af miklu innsæi fólki, mannlífi og þjóðháttum í Vörinni þar vestra. Hann fer víða og er á Sauðárkróki við sjósókn og á Siglufirði á síld, síðar í Vestmannaeyjum. Seinustu árin á vinnumarkaði er hann við að handgrafa skurði í Flóanum í bæjarvinnu í heimskreppunni. Hann skrifaði og gaf út bækur alla sína tíð. Má þar nefna *Hákarlalegur* og *Hákarlamenn*. Hann fékk rithöfundastyrk frá Alþingi seinustu ár ævinnar.

Seinni ár hef ég haft mikinn áhuga á ævisögum ýmiss konar. Þar er í sérstöku uppahaldi bók Sigurðar Magnússonar héraðslæknis á Þingeyri og víðar á Vestfjörðum en hann lauk starfsævi sinni á Ólafsfirði. Ingólfur Gíslason er annar læknir sem skrifar mjög góðar lýsingar á sínum læknisferli. Einnig má nefna í þessu samhengi hina ótrúlegu bók, *Lífið er dásamlegt*, eftir Jónas Sveinsson. Önnur ævisaga eru lýsingar Björns Jónssonar, sem kallaði sig Bjössu Bomm, á lífi og lækningum í Kanada. Og eru þar bæði lýsingar á námsárum hans í Reykjavík og síðan framhaldsnámi í Winnipeg og baráttu hans við lífið og tilveruna. Á forsiðu



Kristján Guðmundsson
verkjalæknir

tilvistarlegum málum. Marg oft hef ég bent sjúklingum mínum á Sonatorrek þegar þannig stendur á. Ellegar *Tunglið og tieyring*, eftir Somerset Maugham, þegar mikil örlög setjast að fólki og fjölskyldum. Tengslum bókmennta og læknisfræði má rekja til Grikkja, en Appólo var guð lækninga og bókmennta.¹ Oft



bókarinnar er viskíflaska sem fæðingar-tangir teygja sig um.

En bækur eins og *Egilssaga* eru alltaf við höndina og í sumarleyfum les ég gjarna hluta hennar. Enn liggur þó *Sturlunga* einhver staðar nærri. Hún er engu lík, slík afburða blanda málfars, stíls og sagnfræði sem hún er. Í mínum villtustu draumum fer ég ríðandi með hundruðum annarra í flokki Ásbirninga milli landshluta!

Sem læknir eru bókmenntir ekki síðri til innsæis og skilnings á fólki en sálfræði, og raunar til skólar í heimilislækningum sem byggja á sálfræðilegri meðferð þar sem læknirinn og sjúklingur lesa saman bókmenntir og nýta sér þær til túlkunar á tilfinningum.

En sálfræðin og geðlæknisfræðin eru oft ekki með góðar lausnir í erfiðum

hef ég vitnað í *Ilionskviðu*, þegar fjölskyldumeðlimir eru komnir á glapstigu, á óskiljanlegan hátt og orðnir gjörólíkir þeim persónuleika sem þeir stóðu fyrir; það þurfa allir að fara sína Ódysseifs för.

Heimild

1. Why literature and medicine? McLellan MF, Hudson Jones A. *Lancet*, 1996;348(9020): 109-111.

Ég skora á Karl Kristjánsson endurhæfingarlækni að skrifa næsta bókapistil í *Læknablaðið*.